

AUGLÝSING
um starfsreglur um breytingu á starfsreglum
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007.

„STARFSREGLUR
um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007.

1. gr.

Við 7. gr. starfsreglna nr. 1026/2007 um skipulag kirkjunnar í héraði bætist ný málsgrein svohljóðandi: Sé ein eða fleiri sóknir færðar úr prófastsdæmi í annað prófastsdæmi skal fara fram fjárhagslegt uppgjör. Skulu hlutfallslegar tekjur og eignir fylgja í það prófastsdæmi sem sókn flyst til.

2. gr.

Starfsreglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 59. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar og öðlast gildi 1. desember 2010.

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 25. nóvember 2010.

Pétur Kr. Hafstein, forseti kirkjuþings.“

F.h. kirkjuráðs, 25. nóvember 2010,

Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs.